

STJÓRNARTÍÐINDI B 85 – 1998

1. október 1998

1803

Nr. 567

REGLUGERÐ

um bann við dragnótaveiðum í norðanverðum Faxaflóa.

1. gr.

Frá og með 5. október 1998 til og með 15. desember 1998 eru allar veiðar með dragnót bannaðar í Faxaflóa, norðan og austan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°39,60'N - 22°27,20'V
2. 64°40,00'N - 22°50,00'V
3. 64°48,00'N - 22°50,00'V

2. gr.

Með mál, sem rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. október 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.